



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 11. september 2023.
Málsnr. 2308006
PBG/HH

Efni: Eigendasamkomulag vegna Álfsness

Á 43. fundar eigendavettvangs Sorpu bs., sem fram fór 4. september sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

„Fyrirliggjandi eru drög að viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir. Gerð er tillaga um að drögnum verði vísað til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.


Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi drög að viðauka við eigendasamkomulag vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi eru drög að viðauka við framangreint samkomulag svo og kynning Sorpu bs. á tildrögum og inntaki viðaukans. Er farið fram á að drögin verði tekin til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar viðauka við eigendasamkomulagið.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 10. október næstkomandi. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Drög að viðauka við eigendasamkomulag um meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi.

Drög að eigendasamkomulagi – kynning frá eigendafundi Sorpu bs., 4. september 2023.